

Nr. 69

12. des. 1975

SALTFISKRANNSÓKNIR

Roði á saltfiski (framhaldstilraun)

Sigurður Pétursson

og

Geir Arnesen

Hér skal stuttlega lýst niðurstöðum úr framhaldi af geymslutilraunum, sem um getur í Tæknitíðindum Nr. 55 (30. apríl 1975). Fiskarnir, sem geymdir voru við 6-8°C frá 14/1 og ekki höfðu roðnað, voru geymdir áfram við sama hitastig. Þeir voru skoðaðir reglulega á 14-30 daga fresti og metnir með tilliti til roða.

Niðurstöður sjást í töflu III.

Tafla III.

C. 6-8°C	Böðun	Skoðunardagar										
		16/3	7/4	29/4	1/5	1/6	4/7	5/8	2/9	14/10	30/10	1/12
I. Án roða	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
"	+	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
II. Vottur af roða	-	-	-	-	-	-	+	++				
"	+	-	-	-	-	-	+	++				
III. Mikill roði	-	-	-	-	-	+	+	++				
"	+	-	-	-	-	+	+	++				

Lokaorð

Það virðist auðsætt að böðun á fisknum í Nabenzoat/fumarsýru-blöndunni hefur engin áhrif á roðamyndunina. Hins vegar komu líka áhrif geymsluhita-

stigsins greinilega fram. Fiskurinn, sem þveginn var vandlega, eftir að hann var farinn að roðna, geymdist 5-6 mánuði án roðamyndunar við 6-8°C.

Langbestur árangur náðist þó með þann fisk, sem allt frá söltun var geymdur við lágt hitastig. Hann hefur nú frá því að hann kom í okkar vörslu fyrir tæpu ári verið geymdur við 6-8°C án nokkurrar roðamyndunar. Af þessu má sjá að eina tiltæka ráðið til að losna við roðamyndun er að geyma fiskinn við lágt hitastig.